

Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
í heilbrigðis- og öldrunarmálum

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	2
<b>Formáli</b> .....	<b>3</b>
Uppsetning skýrslunnar .....	3
Undirskriftir .....	4
<b>Rekstur og stjórnun heilbrigðis- og öldrunarmála</b> .....	<b>5</b>
<b>Mannfjöldapróun sveitarfélagsins síðasta áratug</b> .....	<b>6</b>
Mannfjöldaspá Byggðastofnunar .....	7
Aldurspróunarspá Hornfirðinga 67 ára og eldri til 2030 ...	8
Spá Byggðast. um íbúapróun 80 til 85 ára til 2030.....	9
Spá Byggðast. um þróun íbúa 86 ára og eldri til 2030.....	10
<b>Heilsugæsla</b> .....	<b>11</b>
Staðan í dag.....	11
Aðsókn og vitjanir á Heilsugæslustöðina .....	11
Læknisþjónusta og önnur sérfræðiþjónusta .....	11
Fjarlækningar .....	12
Heilsuvernd .....	12
Heilsuefling.....	13
Mæðra- og ungbarnavernd .....	13
Skólaheilsugæsla.....	13
Sjúkraþjálfun - iðjuþjálfun .....	14
Sjúkraflutningar .....	15
Sjúkraflutningar með sjúkrabíl .....	15
Sjúkraflug.....	16
Stórslysaáætlun HSSA .....	16
<b>Hjúkrunardeild</b> .....	<b>17</b>
Staðan í dag.....	17
Fæðingar .....	17
Fjöldi fæðinga í sveitarfélaginu .....	18
Almenn hjúkrunardeild .....	18
Heilabilunardeild.....	19
Sjúkradeild .....	19
Samantekt núverandi stöðu sjúkrarýma og þörfin til 2010	20
<b>Málefni aldraðra</b> .....	<b>21</b>
Dvalarheimilið Skjólgarður .....	21
Dagdvöl aldraðra.....	21
Heimþjónustudeild .....	22
Heilsueflandi heimsóknir .....	23
Félagsmál aldraðra .....	24
Húsnæðismál aldraðra.....	24
Mötuneyti HSSA.....	24
Upplýsingamiðlun.....	25
Heilbrigðisnetið.....	25
Lóðamál .....	25
Lokaorð .....	25
Kort af umhverfi HSSA .....	ii

## **Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar í heilbrigðis- og öldrunarmálum**

### **Meginmarkmið:**

- Með þjónustusamningi við ríkið er markmiðið að samræma og einfalda stjórnun og rekstur í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu.
- Að auka sjálfstjórn sveitarfélagsins og laga stjórnsýsluna betur að staðbundnum aðstæðum og þar með að nýta betur fjármagn hins opinbera.
- Auka og bæta þjónustuna við íbúana. Jafnframt verði áfram starfað í anda Heilsueflingar og íbúar hvattir til heilbrigðara lífs í vinnu og frístundum.

### **Sérgreind markmið:**

- Stefnt verði að aukinni þjónustu sérgreinalækna frá því sem nú er og samið verði um heimild fyrir ferliverk á Höfn.
- Stefnt skal að því að ljósleiðara- og háhraðatenging verði tekin í notkun sem fyrst og í framhaldi af því reynt að ná samstarfs-samningum við hátækni sjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri um greiningarþjónustu á sérfræðisviði.
- Að haldið verði áfram að auka við tækjakost stofnunarinnar.
- Fengin verði önnur sjúkrabifreið og áfram verði lögð áhersla á að hafa vel menntaða og þjálfaða sjúkraflutningsmenn.
- Að til framtíðar verði komið upp gagnvirku tímabökunarkerfi við heilsugæsluna.
- Að lokið verði við þjónustubyggingu HSSA.
- Að byggð verði ný hjúkrunarálma og almennum hjúkrunar-rýmum í einstaklingsherbergjum verði fjölgað.
- Að sérstök heilabilunardeild verði stofnuð.
- Að bráða- og endurhæfingarúmum verði fjölgað.
- Stefnt skal að fjölgun fæðinga heima í héraði.
- Ávalt verði starfandi vel menntað fagfólk, sem fylgist með nýjungum og sækir sér endurmenntun.
- Stefnt skal að byggingu nýs dvalarheimilis í sambýlisformi á svæði HSSA.
- Stefnt skal að eflingu heimaþjónustudeildar fyrir aldraða í dreifbýli og þéttbýli, eftir því sem þörf verður fyrir hana og nýtist öldruðum sem valkostur.
- Sveitarfélagið haldi áfram að styrkja félagsstarf aldraðra og vera vakandi yfir húsnæðisþörf og benda á leiðir til úrbóta.
- Kannaðar verði leiðir til hagræðingar í rekstri mötuneytis stofnunarinnar og hugað verði að því að í dreifbýli verði einnig tekinn upp sala á matarbökkum frá starfandi mötuneytum sveitarfélagsins.
- Heilbrigðisstofnun Suðausturlands mun jafnframt miða sín markmið við „Gæðaáætlun Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytis“ sem gefin var út af ráðuneytinu 1999.

## Formáli

Á fundi sínum þann 21. nóvember 2000 skipaði Heilbrigðis- og öldrunarráð Hornafjarðar starfshóp til að vinna að endurskoðun stefnumótunar heilbrigðis- og öldrunarmála í sveitarfélaginu til næstu 10 ára. Eftir taldir fagaðilar voru tilnefndir í starfshópinn:

*Baldur P. Thorstensen*, yfirlæknir HSSA

*Guðrún Júlía Jónsdóttir*, hjúkrunarforstjóri HSSA

*Jóhann Ólafsson*, framkvæmdastjóri HSSA og

*Maren Ósk Sveinbjörnsdóttir*, iðjuþjálfari og fulltrúi málefna fatlaðra.

Fyrsti fundur starfshópsins var þriðjudagurinn 16. janúar 2001 og hafa nefndarmenn haldið reglulega fundi síðan. Í lok ágúst 2001 fór Guðrún Júlía Jónsdóttir í námsleyfi og við starfi hennar í nefndinni tók Ester Þorvaldsdóttir, hjúkrunarforstjóri í afleysingu GJJ.

Leitað var til margra aðila um upplýsingar, bæði starfsmanna HSSA, Félags eldri borgara á Höfn og annarra fagaðila.

Við vinnu á eftirfarandi stefnumótun hefur eldri skýrsla um sama málefni, “*Staða og stefnumótun í heilbrigðis- og öldrunarmálum í Austur Skaftafellssýslu*”, verið höfð til hliðsjónar svo og “*Heilbrigðisáætlun til ársins 2010*” sem gefin var út af Heilbrigðis- og tryggingarráðuneytinu og samþykkt af Alþingi 20. maí árið 2001.

Þótt ekki sé vitnað í hvert einstakt markmið *Heilbrigðisáætlunar til ársins 2010* er sú skýrsla ávallt höfð til hliðsjónar um þau markmið sem við viljum ná í heilbrigðis- og öldrunarmálum fyrir héraðið. Heilbrigðisstofnun Suðausturlands mun jafnframt miða sín markmið við „Gæðaáætlun Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ sem gefin var út af ráðuneytinu 1999.

### Uppsetning skýrslunnar

Við lestur skýrslunnar er fyrst vitnað í lög og reglugerðir sem sett hafa verið af Alþingi og ráðuneyti í þessum málaflokkum og unnið er eftir. Einnig hver framgangur Reynsluverkefnis Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur verið.

Greint er frá stöðu íbúabróunar í sveitarfélaginu og hvernig möguleg þróun mannfjölda og aldursskiptingar svæðisins gæti orðið. Fyrst til ársins 2010 og þess sem brýnast er að gera á þeim tíma. Síðan er greint frá íbúaspá til ársins 2030 og hvernig málin horfa mögulega við á þeim árum.

Skýrslunni er skipt niður á þrjú meginsvið stofnunarinnar, Heilsugæslusvið, Hjúkrunarsvið og Málefni aldraðra. Síðan fjallað nánar um hvert svið og verkefni þess. Eftir hverja umfjöllun er greint frá tillögum um hugsanlegar úrbætur sem nefndarmenn vilja sjá að rætist á næstu tíu árum.

Síðasti fundur nefndarinnar var 22. janúar 2002 og skilaðar starfs-  
hópurinn þar með skýrslunni í hendur Heilbrigðis- og öldrunarráðs  
til lokaumsagnar og samþykktar.

Hornafirði, 6. febrúar 2002

---

Baldur P. Thorstensen

---

Ester Þorvaldsdóttir

---

Guðrún Júlía Jónsdóttir

---

Jóhann Ólafsson

---

Maren Ósk Sveinbjörnsdóttir

Á fundi Heilbrigðis- og öldrunarráðs þann 6. febrúar 2002 var kjörin  
nefnd þriggja fulltrúa sem í voru: Halldóra Bergljót Jónsdóttir fyrir  
Sjálfstæðisflokk, Svava Kr. Guðmundsdóttir fyrir hönd Kriunnar og  
Þorsteinn Sigfússon fyrir Framsóknarflokk.

Nefndin ásamt framkvæmdastjóra HSSA hittist 28. febrúar, las og  
lagfærði skýrsluna í samræmi við pólitísk markmið bæjarstjórnar og  
framboðanna.

---

Halldóra B. Jónsdóttir

---

Svava Kr. Guðmundsdóttir

---

Þorsteinn Sigfússon

## **Rekstur og stjórnun heilbrigðis og öldrunarmála**

Samkvæmt lögum nr. 82/1994 frá Alþingi, um reynslusveitarfélög, lögum nr. 114/1999 um breytingu á þeim lögum, samkvæmt lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum og lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra, er Sveitarfélaginu Hornafirði falin öll heilbrigðis- og öldrunarþjónusta innan Austur Skaftafells-sýslu til 1. janúar 2002.

Með samþykkt framangreindra laga um reynslusveitarfélög, heilbrigðisþjónustu, málefni aldraðra og samningi milli Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins og Fjármálaráðuneytisins, dagsettum 22. desember 1995, var Sveitarstjórn Hornafjarðar falin ofangreind málefni fyrir allt umdæmið.

Sveitarstjórn felur síðan Heilbrigðis- og öldrunarráði, sem er sjö manna nefnd stjórnskipaðra fulltrúa, umboð sitt til að annast meðferð þessara málaflokka.

Til að annast þessi mál fyrir hönd sveitafélagsins voru allar stofnanir heilbrigðismála sameinaðar og stofnað eitt fyrirtæki, Heilbrigðisstofnun Suðausturlands (HSSA).

Með tilvísun til bréfs Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis frá 1. júní 1999 veitir ráðuneytið Sveitarfélaginu Hornafirði heimild til að nota heitið "*Heilbrigðisstofnun*" fyrir þjónustufyrirtæki heilbrigðis- og öldrunarmála í sveitarfélaginu. Í svarbréfi til ráðuneytisins, dagsettu 10. desember 1999, tilkynnir Sveitarfélagið Hornafjörður að framvegis skuli þjónustustofnunin heita "*Heilbrigðisstofnun Suðausturlands*".

Þessi stofnun hefur nú starfað í raun á sjötta ár, eða um það bil þann tíma sem reynsluverkefnið hefur verið í gildi, þótt nafngiftin sé aðeins síðan samningurinn var endurnýjaður í ársbyrjun 2000.


Nokkurn tíma tók að sníða af helstu annmarka samningsins og samræma sjónarmið ráðuneyta og heimamanna.

Þessi skipan heilbrigðis- og öldrunarmála hér í sveitarfélaginu skilaði sér strax í hagstæðari rekstri og betri nýtingu opinbers fjár, flutningi stjórnsýslu til sveitarfélagsins, betri sýn yfir málaflokkinn og aukinni þjónustu við íbúana.

Í upphafi árs 2001 samþykkti heilbrigðis- og öldrunarráð og í framhaldi af því bæjarstjórn Hornafjarðar að ganga til samninga við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um að gera þjónustusamning um málaflokkinn til lengri tíma.


## Mannfjöldaþróun sveitarfélagsins síðasta áratug

Rauntölur um mannfjölda frá 1990 til 2000



Stólparitið sem hér er sýnt byggir á rauntölum sem birtast í skýrslu Hagstofu Íslands um mannfjöldapróun á Íslandi á árunum 1990 til 2000. Á ritinu sést að 4.4% aukning hefur orðið á mannfjölda sveitarfélagsins á árunum 1990 til 1995, sem aftur hefur gengið til baka um 80 einstaklinga, eða um 3.3% frá 1995 til 2000. Hornafjörður hefur eitt fárra sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins státað af jafnri og stöðugri fjölgun íbúa á undanförunum áratugum.

## Mannfjöldaspá Byggðastofnunar



Íbúaspá fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð til ársins 2030 er unnin af Byggðastofnun á tvo vegu:

Annars vegar miðar stofnunin við dánarlíkur einstakra árganga karla og kvenna á landsvísu fyrir árin 1994 til 1996 og frjösemlíkur kvenna á aldrinum 16-48 ára á landsvísu fyrir árin 1994 og 1995 (gulir stólpar).


Hins vegar er ofangreind aðferð notuð en jafnframt teknar inn flutningslíkur einstakra árganga karla og kvenna og notaðar flutningstölur frá árunum 1997-1999 til viðmiðunar. Það vill þó svo til að það eru árin sem fækkun verður í fyrsta skipti í sveitarfélaginu (bláir stólpar).



## Aldursþróunarspá Hornfirðinga 67 ára og eldri til 2030

Eftirfarandi stólparit sýnir íbúaspár Byggðastofnunar 67 ára og eldri til næstu 30 ára reiknað út frá fæðingar og dánartíðni, eins og segir hér fyrir framan.

Á meðfylgjandi stólpariti sést mikil fjölgun íbúa í aldurshópnum 67-79 ára eftir árið 2010. Vegna þessarar fjölgunar verður væntanlega aukin þörf fyrir heimaþjónustu stofnunarinnar eftir árið 2010.



Ef teknir eru aldurshóparnir 80 til 85 ára og elsti hópurinn 86 ára og eldri og greindir á sérstöku riti sést mun betur en á sameiginlega ritinu hversu miklar breytingarnar verða innan þessara aldurshópa.

Þegar horft er á hópinn 86 ára og eldri sést að árið 2000 eru 26 í hópnum en strax árið 2005 hefur hópurinn stækkað í 42 og árið 2010 er hópurinn orðinn meira en tvöfaldur á aðeins 10 árum. Þessi aldurshópur er sá hópur sem helst þarf á hjúkrunarrými að halda. Er því auðsýnt hve brýn þörfin er fyrir aukið hjúkrunarrými á stofnuninni nú þegar.


## Spá Byggðastofnunar um íbúapróun 80 til 85 ára til 2030

Þegar bornar eru saman báðar spárnar um íbúapróun frá Byggðastofnun um íbúa 80 ára og eldri, þ.e. með og án brottfluttra, sést að breytingin milli þessara spáuttreikninga er ekki svo ýkja mikil. Það segir okkur að aldraðir íbúar héraðsins kjósa að búa áfram í heimabyggð.

Þegar stólparitið er skoðað kemur fram að á árunum 2000 til 2005 verður fjölgun þessa aldurshóps 11%. Árið 2010 er fjölgunin frá árinu 2000 orðin 23%.

Eftir 2010 verður tiltölulega stöðugt ástand næstu 10 árin en svo kemur allmikil fjölgun frá árinu 2020 í þessum aldurshópi.

Íbúar Hornafjarðar 80-85 ára til ársins 2030




## Spá Byggðastofnunar um þróun íbúa 86 ára og eldri til 2030

Á meðfylgjandi stólpariti kemur fram að mikil aukning, eða 62% verður á fjölda íbúa í þessum aldurshópi strax fram til ársins 2005. En þetta er sá hópur fólks sem helst þarf á hjúkrunarrými að halda.

Þegar litið er á fjölda aldraðra í efsta aldurshópnum sést að fjölgunin frá árinu 2000 til 2010 er 123% eða úr 26 einstaklingum í 58. Þetta skýrir að miklu leiti þá staðreynd að hjúkrunardeildin er nú þegar orðin yfirfull og biðlisti hefur myndast eftir viðbótarrými. Jafnframt skýrir þetta þörfina á auknu hjúkrunarrými á komandi árum.

Íbúar 86 ára og eldri til 2030



## Heilsugæsla

### Staðan í dag

Þjónustusvæði heilsugæslustöðvarinnar á Höfn nær yfir alla Austur-Skaftafellssýslu. Íbúafjöldi Austur-Skaftafellssýslu var 2.370 íbúar, þann 1. desember árið 2000. Heimild er fyrir stöðu 3ja heimilislækna við stofnunina en ekki hefur fengist læknir til að sinna þriðju stöðunni.

Árið 2000 var heildarfjöldi samskipta við sjúklinga 20.309. Læknismóttaka er einn dag í mánuði á heilsugæsluselinu að Hofi í Örafum.

Stöðin er ágætlega búin tækjum og húsnæði er gott. Á síðustu árum hefur m.a. verið bætt við nokkrum rannsóknartækjum þannig að flestum blóðrannsóknnum er nú hægt að sinna hér heima. Röntgentæki stöðvarinnar eru þó komin til ára sinna og þarf að fara að huga að endurnýjun þeirra. Þá hefur heilsugæslustöðin verið að fullu tölvuvædd síðastliðin ár. Sveitarfélög greiða 15% af stofnkostnaði heilsugæslustöðva en ríkið 85%. Mikið af rannsóknar- og lækningatækjum eru kostuð með gjafaframlögum líknarfélaga sem sýnt hafa heilbrigðisþjónustunni ómetanlegan stuðning í gegnum tíðina.

### Aðsókn og vitjanir á Heilsugæslustöðina

Neðanrituð tafla sundurliðar öll samskipti sjúklinga við Heilsugæsluna fyrir árið 2000.

<b>Tegund samskipta:</b>	<b>Karlar</b>	<b>Konur</b>	<b>Samtals</b>
Símtöl	1.907	2.447	4.354
Viðtöl	4.910	6.469	11.379
Vitjanir	357	520	877
Samsk.s.s.fundir,sérfræðiálit	411	530	941
Önnur samskipti	1.129	1.629	2.758
<b>Heildarfjöldi:</b>	<b>8.714</b>	<b>11.595</b>	<b>20.309</b>

### Læknisþjónusta og önnur sérfræðiþjónusta

Þar sem ekki hefur tekist að fullmanna stöður heilsugæslulækna við stöðina hefur það valdið miklu álagi á starfandi lækna og því er bið sjúklinga eftir viðtali við lækni oft á tíðum löng. Ennfremur veldur það því að læknar hafa ekki tíma til að sinna eins og þyrfti ýmsum skilgreindum þáttum heilsugæslunnar eins og forvörnum.

Hingað koma reglulega sérfræðingar í nokkrum öðrum sérgreinum og hefur þar orðið aukning á umliðnum árum.

*Augnlæknar* komu t.d. fimm sinnum á árinu 2001,

*Háls-nef og eyrnalæknir* kemur tvisvar á ári,

*Kvensjúkdómalæknir* kemur þrisvar til fjórum sinnum á árinu 2001 auk þess að koma líka þegar hópskoðanir

Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins eru á hveju ári.

*Sálfræðingur* kemur hálfsmánaðarlega og sinnir því sem vísað er til hans frá skólum, félagsmálasviði sveitarfélagsins og heilsugæslu. Sálfræðingurinn hefur haft aðstöðu í kjallara Dvalarheimilisins Skjólgarðs, sem er að mörgu leyti mjög óhentug aðstaða.

*Stoðtækjafræðingur* kemur árlega.

*Tannréttingasérfræðingur* hóf aftur komu hingað eftir rúmlega eins árs hlé. Vonir standa til að hann komi reglulega.

## Fjarlækningar

Vegna erfiðleika við að fá hingað sérgreinalækna, eins og til annarra staða í dreifbýli, verður æskilegt að taka upp aðrar aðferðir við að nálgast sérfræðisþjónustu.

Víða erlendis er verið að þróa búnað, bæði til fjarlækninga og eftirlits með sjúklingum. Mun væntanlega verða mikil breyting á þessu sviði á næstu árum. Því er áriðandi að fylgjast vel með og fá til þess aðstoð heilbrigðisyfirvalda að koma á þessari þjónustu hér á Hornafirði.

Það sem helst er í sjónmáli nú er tenging við sérgreinasjúkrahús, þannig að lækni- og skólaheilsugæslunni verði í beintengingu við sérfræðing á sjúkrahúsi í Reykjavík eða á Akureyri.

Hér á Hornafirði hafa málin verið að þróast í þessa átt. Nú nýlega, við endanlega lagfæringu Víkurbrautarinnar var lagður búnaður í götuna sem gerir okkur kleift að leggja ljósleiðara inn á stofnunina en er forsenda fyrir fjarlækningum er að fullkomin háhraðanetþjónusta sé í boði og hægt sé að senda myndefni til greiningar.

## Heilsuvernd

Stór hluti starfsemi Heilsugæslunnar, „*samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97 28.september 1990*“, felst í heilsuvernd. „*Heilsugæsla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast á sjúkrahúsum*“<sup>1</sup> Þar undir falla m.a. ungbarna- og mæðra-vernd, skólaheilsugæsla, heilbrigðisfræðsla til almennings og forvarnir almennt.

<sup>1</sup> Heimild: Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, 11.gr.1

## Heilsuefling

Frá vori 1994 til 1998 tók Hornafjörður þátt í samstarfsverkefni Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Landlæknisembættisins sem nefndist „*Heilsuefling hefst hjá þér*“. Meginmarkmið verkefnisins voru m.a. að vekja einstaklinginn til ábyrgðar á heilbrigðari lífsháttum og auka þekkingu almennings á áhættuþáttum langvinnra sjúkdóma. Á því tímabili voru ýmis verkefni þessu tengd í gangi og skapaðist reynsla þar að lútandi. Samstarfsverkefninu lauk formlega í lok ársins 1998. Í kjölfarið hefur skapast sú hefð á stofnuninni að heilsuefling er höfð að leiðarljósi í daglegu starfi.

## Mæðra- og ungbarnavernd

Tilgangur og markmið ungbarnaverndar er að fylgjast reglulega með heilsu og framförum á andlegum, líkamlegum og félagslegum þroska barna allt frá fæðingu til skólaaldurs. Áhersla er lögð á stuðning við fjölskylduna um að búa börnum bestu mögulegu uppvaxtarskilyrði. Enginn barnalæknaþjónusta er við héraðið.

Í mæðravernd er lögð áhersla á heilsuvernd verðandi móður og metnir áhættuþættir vegna meðgöngu. Mæðravernd er að mestu sinnt á heilsugæslustöðvum en sértækt eftirlit með mæðrum vegna tiltekinnar áhættu á meðgöngu fer hins vegar fram í samráði við Kvennadeild Landsspítala-Háskólasjúkrahúss.

Nú er starfandi við mæðravernd HSSA hjúkrunarfræðimenntuð ljósmódir. Til að viðhalda þeirri faglegu þjónustu er nauðsynlegt að svo verði áfram.

## Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæslu grunnskólanna er sinnt frá heilsugæslunni. Þessi þjónusta er mikilvægur þáttur heilsugæslunnar, þar sem hjúkrunarfræðingur og læknir sinna börnum út frá líkamlegum, andlegum og félagslegum þörfum þeirra.

Á vettvangi skólaheilsugæslunnar eru möguleikar á að hvetja til heilbrigðra lífshátta, greina vandamál barna og unglinga og taka á erfiðleikum þeirra strax og þeir koma fram.

Enginn skólahjúkrunarfræðingur er starfandi við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Æskilegt er að þjónusta heilsugæslunnar nái einnig inn í Framhaldsskólann, þótt það sé utan við skilgreind markmið skólaheilsugæslu.

*Markmið:*

- *Mikilvægt er að ávallt verði starfandi þrír heilsugæslulæknar við stofnunina.*
- *Stefnt verði að aukinni þjónustu sérgreinalækna frá því sem nú er.*
- *Stefnt verði að betri aðstöðu fyrir sálfræðing í húsnæði heilsgæslustöðvarinnar að Víkurbraut.*
- *Haldið verði áfram að endurnýja og auka við tækjakost heilsugæslunnar.*

- *Áfram verði starfað með markmið Heilsuefningar að leiðarljósi og boðið upp á fræðslu þar að lútandi og íbúar hvattir til heilbrigðari lífs í vinnu og frístundum.*
- *Æskilegt væri að barnalæknir kæmi a.m.k. þrisvar á ári til Hornafjarðar og tæki að sér skoðun allra nýfæddra barna auk þess að sinna stuðningsþjónustu við heilsugæsluna.*
- *Komið verði á skólaheilsugæslu við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu.*
- *Stefnt skal að því að ljósleiðara- og háhraðatenging verði tekin í notkun sem fyrst.*
- *Samstarfssamningar við hátæknisjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri um greiningarþjónustu á sérfræðisviði.*

### **Sjúkraþjálfun –Iðjuþjálfun**

Í *Heilbrigðisáætlun til ársins 2010* er lögð meiri áhersla á forvarnir og endurhæfingu en áður hefur sést. Heilsuefning, forvarnir og endurhæfing er meðal viðfangsefna iðjuþjálfara og sjúkraþjálfara.

Í dag eru tveir sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar á Höfn. Annar þeirra er einnig í hlutastarfi hjá HSSA. Heilbrigðisstofnunin rekur aðstöðuna en sjúkraþjálfararnir annast alla starfsemi sem verktakar samkvæmt samningi við HSSA.

Enginn iðjuþjálfari er enn starfandi við stofnunina.

*Markmið:*

- *Ráðnir verði iðjuþjálfari og sjúkraþjálfari hjá HSSA, sem sinna störfum á öllum deildum stofnunarinnar.*

## Sjúkraflutningar

Samkvæmt lögum um sjúkraflutninga nr. 503 frá 1986 skulu sjúkraflutningar m.a. vera á vegum heilsugæslustöðva/sjúkrahúsa eða opinberra stofnanna og vera háðar leyfi ráðherra heilbrigðismála.


Í Austur Skaftafellssýslu er aðeins einn sjúkrabíll, sem er óviðunandi þegar tillit er tekið til stærðar sýslunnar frá austri til vesturs (yfir 200 km). Einnig vegna fjarlægðar heilsugæsluhéraðsins frá næsta sjúkrahúsi en til Reykjavíkur eru 459 km, á Selfoss 402 km og til Neskaupsstaðar 318 km. Því telst nauðsynlegt að hér séu tveir sjúkrabílar, annar með fullkomnum búnaði hinn gæti verið minni og væri notaður til lengri ferða með sjúklinga milli sjúkrahúsa, þegar ekki er þörf á fullkomnum neyðarbúnaði. Kostnaður við rekstur sjúkrabíls skiptist milli Rauða Kross Íslands og Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands. RKÍ leggur fram bílinn og greiðir rekstrarkostnað hans en HSSA greiðir laun sjúkraflutningamanna og kostnað af hjúkrunarvörum.

Til þessa hefur sjúkraflutningabíllinn verið geymdur í ófullnægjandi húsnæði fjarri heilsugæslunni. Til stendur að flytja hann í kjallara Ekrunnar. Æskilegt er að sjúkrabíll verði í framtíð staðsettur í nýbyggingu HSSA.

Á undanförunum misserum hefur mikil áhersla verið lögð á menntun og endurhæfingu sjúkraflutningamanna.

### Sjúkraflutningar með sjúkrabíl

Fjöldi sjúkraflutninga með sjúkrabílum í og úr héraðinu s.l. ár hefur verið samkvæmt eftirfarnadi stólpariti. Áætlaður fjöldi á árinu 2001 er svipaður flutningum s.l. tveggja ára.






## Sjúkraflug

Meðfylgjandi stólparit sýnir sjúkraflug á undanförunum níu árum. Eftir að reynsluverkefnið í heilbrigðis- og öldrunarmálum hófst 1995 hefur sjúkraflugferðum fækkað til mikilla muna. Má segja að þar komi fram fjárhagslegur sparnaður upp á milljónir króna, því hvert sjúkraflug getur kostað um eða yfir tvö hundruð þúsund krónur auk þess er sjúkrahúsdvöl í Reykjavík dýrari en á Hornafirði.

Sjúkraflug frá 1992 - 2000



### Markmið:

- *Fengin verði önnur sjúkrabifreið þannig að tvær sjúkrabifreiðar verði í heilsugæsluhéraðinu.*
- *Áfram verði lögð áhersla á að hafa vel menntaða og þjálfaða sjúkraflutningamenn.*
- *Framtíðar-húsnæði fyrir sjúkrabílana verði í húsnæði Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands.*

## Stórslysaáætlun HSSA

Í september 2000 fór fram flugslysaæfing á vegum Flugmálastjórnar og nefndist hún Hornafjörur 2000. Þátttakendur í æfingunni voru Flugmálastjórn, almannavarnir og björgunarsveitir héraðsins, Landsbjörg, Varnarliðið með flugvél og þyrstur, Rauði krossinn og fleiri, auk alls starfsfólks HSSA.

Í tengslum við æfinguna var útbúin áætlun og leiðbeiningar fyrir starfsfólk HSSA um verklag vegna hópslysa í héraðinu og þegar kalla þarf út allt starfsfólk stofnunarinnar.

### Markmið:

- *Stórslysaáætlun HSSA verði í reglulegri endurskoðun og verði jafnframt kynnt árlega fyrir starfsfólki.*

# Hjúkrunardeild

## Staðan í dag

Í dag (maí 2002) eru 30 sjúklingar vistaðir á hjúkrunardeild HSSA, hámarksfjöldi er 28 sjúklingar skv. þjónustusamningi. Á sjúkraganginum eru 2 sjúklingar í einbýlum, 5 í fjögurra manna stofu, 1 í skoðunarherbergi, 1 sjúklingur í tveggja manna stofu og 14 sjúklingar í sjö tveggja manna stofum. Í vesturenda deildarinnar eru þrjú tveggja manna herbergi aflokuð með skilrúmi á ganginum.

Skilrúmið var sett upp til bráðabirgða fyrir heilabilaða sjúklinga. Í þessum þremur herbergjum eru 7 sjúklingar.

Vegna þessa álags hefur innlögnum í bráðarýmið fækkað og erfitt er að bjóða upp á hvíldarinnlagnir.

Á meðan ný bygging er ekki risin og ekki eru fleiri hjúkrunarrými í boði er ætlun stofnunarinnar að:

- Efla heimahjúkrun HSSA. Bjóða kvöld- og helgarþjónustu þegar þörf krefur.
- Dagdvalar-aðstaða var opnuð um síðustu áramót í kjallara Skjólgarðs að Hvannabraut. Þangað koma einstaklingar sem dvelja yfir daginn og fá þar tilbreytingu og félagsskap, aðstoð og fönður. Þessi þjónusta hefur verið mikið sótt og þegar orðin vinsæl meðal eldri íbúa Hafnar.
- Sá möguleiki er til staðar að nýta tímabundið hvíldarinnlagnir á sjúkrahúsi Seyðisfjarðar og á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupsstað. Það er hins vegar ávallt neyðarúrræði að vista sjúklinga svo fjarri heimabyggð.
- Komið verður upp garði við deildina þannig að sjúklingar geti fullnægt hreyfiþörf sinni í öruggu umhverfi.

## Fæðingar

Fæðingar falla undir hjúkrunardeild HSSA. Síðustu ár hefur fæðingum fækkað hér á Höfn. Í auknum mæli fara verðandi mæður til Reykjavíkur til að ala börn sín, sem er raunin í öðrum heilsgæsluhéruðum á landsbyggðinni. Þessi breyting á sér einnig stað í nágrennalöndunum. Ástæðan er meðal annars talin vera betri samgöngur, auknar kröfur almennings og fagfólks um öryggi við og eftir fæðingar.

Sérfræðingar<sup>2</sup> telja að til að viðhalda færni lækna og ljósmæðra þurfi að minnsta kosti 25-40 fæðingar á ári. Þar sem fæðingartíðnin í héraðinu hefur verið langt undir þeim viðmiðunarmörkum þá er nauðsynlegt að lækna og ljósmóðir njóti árlegrar starfsþjálfunar á stærri fæðingarstofnunum eins og t.d. fæðingardeild LSH.

---


<sup>2</sup> Landspítali Háskólasjúkrahús (1999), *Skýrsla frá fæðingarskráningunni fyrir árið 1999*

Seint á árinu 2001 hóf hjúkrunarfræðimenntuð ljósmóðir störf við HSSA. Með komu hennar til Hornafjarðar hefur fæðingum í heima- byggð þegar fjölgað.

### Fjöldi fæðinga í sveitarfélaginu tímabilið 1994 – 2000:

Allar fæðingar í Sveitarfélaginu Hornafirði - þ.e. fæðingar á fæðingarstofnunum utan héraðs og fæðingar á fæðingardeild Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands:

Fæðingar innan og utan Hafnar árin 1994 til 2000



### Markmið:

- *Læknar og ljósmóðir HSSA fari árlega til starfsþjálfunar á fæðingardeild LHS eða annarra stærri fæðingastofnanna.*
- *Að ávallt verði starfandi ljósmóðir, sem jafnframt er hjúkrunarfræðingur, við heilbrigðisstofnunina.*
- *Að tækjakostur fæðingardeildar HSSA verði ávallt svo góður að hægt sé að sinna fæðingum hér heima í héraði.*
- *Stefnt skal að fjölgun fæðinga heima í héraði.*

### Almenn hjúkrunardeild

Vegna aukinna þarfa á hjúkrunarrými næstu ártugi eru þegar hafnar viðræður við Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið um stækkun hjúkrunardeildar HSSA til ársins 2010. Næstu ár eftir árið 2010 mun öldruðum fjölga mikið og þykir augljóst að enn verður þörf fyrir stækkun hjúkrunardeildar. Allir útreikningar um hjúkrunarþörf eru samkvæmt formúlu sem fram kemur í skýrslu Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og nefndist „Gula skýrslan“<sup>3</sup>.

<sup>3</sup> Heimild: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti (1993) Tillögur til heilbrigðis- og trygginga málaráðherra um skipan sjúkrahúsamála.

Á hjúkrunardeild HSSA er rými fyrir 24 einstaklinga, þar af 24 er eitt fjórbýli, 9 tvíbýli og tvö einbýli. Samkvæmt útreikningi opinberra aðila mun þörfin fyrir hjúkrunarrými héraðsins árið 2010, verða 34 rými, þar af 10 vegna heilabilunarsjúkdóma. Ekkert frambærilegt útivistarsvæði er fyrir vistmenn við hjúkrunardeildina.

*Markmið:*

- *Almennum hjúkrunarrýmum verði fjölgað um 10 rúm til ársins 2010.*
- *Gert sé ráð fyrir fjölgun almennra hjúkrunarrýma um 10 rúm eftir árið 2010.*
- *Gott útivistarsvæði verði útbúið við hjúkrunardeild HSSA.*

### **Heilabilunardeild**

Heilabilun er eitt af stærstu heilbrigðisvandamálum þeirra þjóða sem hafa hátt hlutfall aldraðra. Í nánast öllum löndum fer hlutfall aldraðra hækkandi og vandamál tengd heilabilun þar með<sup>4</sup>. Íbúar sveitarfélagsins hér eru engin undantekning frá þessari reglu.

Til að búa sem best að heilabiluðum þurfa þeir sérútbúna deild þar sem þeir eru öruggir, í næði og fá þjónustu miðað við þarfir.

Samkvæmt útreikningi Jóns Snædals<sup>5</sup> yfirlæknis Öldrunardeildar Landsspítala-Háskólasjúkrahúss má ætla að í dag þurfi 7-8 einstaklingar á sérstöku úrræði að halda og að þeir geti orðið u.þ.b. 10 árið 2010 og 12 til 13 árið 2020.

*Markmið:*

- *Sérhönnuð 10 rúma deild verði byggð fyrir heilabilaða sjúklinga.*
- *Starfsfólk deildarinnar fái þjálfun og menntun í samræmi við þarfir deildarinnar.*

### **Sjúkradeild**

Brýnt er að hafa aðstöðu til að taka á móti bráðasjúklingum og fyrir hvíldarinnlagnir. Í dag eru 4 sjúkrarúm fyrir bráða- og hvíldarinnlagnir og sængurkonur. Með fjölgun aldraðra mun þörfin fyrir þessar innlagnir aukast. Einnig er búist við að þeim muni fjölga sem þurfa á endurhæfingu að halda eftir aðgerðir á sjúkrahúsum höfuðborgarinnar. Á sjúkradeildinni, eins og hún er nú, eru ekki veggfastir lyfjasúrefnisstútar heldur þarf að gefa allt súrefni af lausum súrefniskútum. Þetta felur í sér mikið óhagræði. Nauðsynlegt er að taka tillit til þessa við hönnun nýrrar deildar.

<sup>4</sup> Heimild: Samstarfsnefnd um málefni aldraðra 1997.

<sup>5</sup> Heimild: Jón Snædal 2.apríl 2001

Markmið:

- *Að á sjúkradeild verði:*
  - a. fjögur rúm fyrir bráðasjúklinga og endurhæfingasjúklinga
  - b. tvö rúm fyrir hvíldarinnlagnir og sængurkonur.
- *Að deildin hafi búnað til að sinna bráðveikum einstaklingum s.s..lyfjasúrefnisstútar í vegg við hvert rúm, monitorar (greiningartæki) og annað sem nauðsynlegt er.*

### **Samantekt á núverandi stöðu sjúkrarýma og þörfinni til 2010**

Tegund innlagna:	Staða nú:	Þörf til 2010:
Almenn hjúkrunarrúm	24	24
Sérhæfð rými fyrir heilabilaða	0	10
Bráða-, hvíldar- og endurhæfingarrúm og rúm fyrir sængurkonur	4	6

Eftir árið 2010 er framreiknuð þörf á 10 almennum hjúkrunarrýmum til viðbótar.

## Málefni aldraðra

### Dvalarheimilið Skjólgarður

Dvalarheimilið Skjólgarður er nú rekið í tveimur þrjátíu ára gömlum Viðlagasjóðs-timburhúsum, sem tengd eru saman með millibyggingu úr steinsteypu. Heimild er nú fyrir 12 heimilismenn en samkvæmt aldursspá Byggingastofnunar er áætluð þörf til 2010 14 rými.

Á Skjólgarði er starfsfólk á dag- og kvöldvöktum. Á næturnar er öryggisvarsla, auk þess eru allir vistmenn með neyðarhnapp.

Núverandi húsnæði samræmist ekki kröfum sem gerðar eru í dag til dvalarheimila aldraðra. Skjólgarður er eins og áður sagði starfrækt í 30 ára gömlum timburhúsum, sem krefjast mikils viðhalds og endurbóta. Mikið mál er að framfylgja vaxandi kröfum um eldvarnir. Hagkvæmara væri að byggja nýtt hús. Það húsnæði hefði ákveðin fjölda einstaklingsíbúða með sameiginlegum setustofum. Þrátt fyrir þá annmarka sem eru á núverandi húsnæði verður ekki annað séð en að það verði í notkun enn um sinn.

Í húsnæði Skjólgarðs er einnig starfrækt eldhús fyrir stofnunina alla.

*Markmið:*

- *Stefnt skal að byggingu nýs dvalarheimilis í sambýlisformi í nágrenni við hjúkrunar- og sjúkradeild HSSA, sem samræmist breyttum kröfum.*

### Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl aldraðra telst sú starfsemi sem býður meðal annars upp á eftirtalda þjónustu:

Ferðir til og frá dagdvöl  
Tómstundaiðju  
Aðstöðu til létttra líkamsæfinga,  
Máltíðir meðan á dvöl stendur  
Hvíldaraðstöðu  
Aðstoð við böðun.

Eftir því sem öldruðum fjölgar og fleiri búa í eigin húsnæði eykst þörfin fyrir dagdvalarþjónustu. Dagdvöl er stuðningur við aldraða sem búa í heimahúsum. Dvöl er breytileg, ýmist daglega eða nokkra daga í viku.

Fram til þessa hefur dagdvöl verið rekin með óformlegum hætti, bæði á hjúkrunar- og dvalardeild en án fastra starfsmanna, skipulags eða sérstakrar aðstöðu.

Nýlega var formlega sett á laggirnar dagdvalardeild sem til bráðabirgða er með aðstöðu á Dvalarheimilinu Skjólgarði. Húsnæðið sem deildin hefur er of lítið og óhentugt fyrir starfsemina og þarf að huga að framtíðarhúsnæði fyrir deildina.

Æskilegt er að dagdvalardeild sé í nágrenni við aðra starfsemi HSSA svo hægt sé að samnýta þjónustu s.s. baðaðstöðu og fleira.

*Markmið:*

- *Stefnt skal að eflingu dagdvalardeildar.*


### Heimaþjónustudeild

Deildarstjóri heimaþjónustudeildar er með aðsetur á heilsugæslustöðinni og hefur umsjón með heimahjúkrun og heimilishjálp. Ekki hefur verið boðið upp á sérstaka kvöld og helgarþjónustu. Enginn biðlisti hefur myndast fyrir heimahjúkrun, en starfsfólk hjúkrunardeildarinnar hefur sinnt nauðsynlegustu kvöld og helgarþjónustu. Það ástand er óviðunandi vegna álagsins sem þar er nú. Heimaþjónustudeildin á að sinna þessu verkefni og því þarf að efla hana og koma á kvöld og helgarþjónustu.

Fjöldi þeirra sem hafa fengið heimaþjónustu s.l. ár, hefur aukist mjög mikið og þeim mun fjölga enn meira á næstu árum. (sjá stólparit um fjölgun aldraðra á bls. 6).


Markmið heimaþjónustunnar er að gefa fólki kost á að búa heima sem lengst, þrátt fyrir veikindi og öldrun. Bið eftir heimilishjálp hefur stundum verið nokkur.

Fjöldi einstaklinga sem notið hafa heimahjúkrunar s.l. ár



Gera þarf ráð fyrir að þörfin fyrir heimaþjónustudeild komi til með að aukast mjög mikið á komandi árum, samanber stólparit það sem er sýnt í upphafi þessa bæklingis um mannfjöldapróun sem verður í sveitarfélaginu næstu 30 ár.

Fjöldi þeirra sem notið hafa heimilishjálpar HSSA



### Heilsueflandi Heimsóknir

Á árinu 2000 var ákveðið að bjóða íbúum Hornafjarðar, sem orðnir eru 75 ára, búa í eigin húsnæði og njóta ekki heimahjúkrunar eða heimilishjálpar, uppá heimsóknir hjúkrunarfræðings.

Heimsóknir þessar eru fyrst og fremst ætlaðar til forvarna og að styrkja þá enn frekar sem vilja vera heima, í þeim ásetningi. Í þessum heimsóknum hefur hjúkrunarfræðingur kynnt viðkomandi einstaklingum þá þjónustu sem veitt er af HSSA og eins það sem sveitarfélagið og Tryggingastofnun hafa í boði. Auk þess veitir hann upplýsingar um starfsemi Félag aldraðra. Lögð er áhersla á eftirfarandi atriði:

- a. Heimahjúkrun, heimilishjálpar og matarsendingar,
- b. Sagt frá hjálparhlutum og stoðtækjum sem í boði eru,
- c. Hvernig best er að viðhalda heilbrigði með gönguferðum og annarri líkamsþjálfun,
- d. Tómsundaiðkun sem hægt er að nálgast,
- e. Að stuðla að sjálftrausti og öryggiskennd einstaklingsins.

*Markmið:*

- *Komið verði á kvöld- og helgarþjónustu.*
- *Heimþjónusta verði augin eftir þörfum í öllu sveitarfélaginu og kynnt öldruðum sem valkostur.*
- *Haldið verði áfram með Heilsueflandi Heimsóknir til allra 75 ára og eldri.*



## Félagsmál aldraðra

Í sveitarfélaginu starfar Félag aldraðra. Félagið hefur aðsetur í Ekru, húsnæði sem það á ásamt Kvenfélaginu Tíbrá og sveitarfélaginu. Félagar eru u.þ.b. 200 og búa flestir á Höfn.

Starf félagsins er með miklum blóma, þar er meðal annars stundað: leikfimi, sund, billjard, boccia, útskurður, föndur, bókbænd, golf, spilað á spil og margt fleira.

Einnig er starfandi kórinn Gleðigjafar sem er blandaður kór aldraðra.

*Markmið:*

- *Sveitarfélagið haldi áfram að styrkja félagsstarf aldraðra. Mikilvægt er þó að frumkvæðið að starfsemi sé hjá Félagi aldraðra.*
- *Húsnæðið í kjallara Ekrunnar verði fullklárað og það nýtt í þágu aldraðra.*

## Húsnæðismál aldraðra

Í eigu sveitarfélagsins er húseignin að Víkurbraut 26, þar eru átta leiguíbúðir fyrir aldraða og hafa þær verið stöðugt í útleigu frá því að þær voru byggðar 1987.

Á vegum Sjálfseignarstofnunarinnar Ekru voru byggðar og teknar í notkun 13 eignaríbúðir árið 1994. Af þeim á sveitarfélagið tvær íbúðir, sem leigðar eru til aldraðra. Í ágúst 2001 var lokið við viðbótarbyggingu við Ekruna sem í eru níu eignaríbúðir. Sérbyggðar íbúðir fyrir aldraða eru nú alls 33.

Talsverð þörf virðist vera á leiguhúsnæði fyrir aldraða.

Meginmarkmiðið í húsnæðismálum aldraðra er að gera fólki kleift að búa sem lengst í eigin húsnæði og til að koma til móts við þau markmið (sjá kaflann um heimaþjónustudeild) hefur öll heimaþjónusta HSSA verið stóraukin á síðustu árum.

*Markmið:*

- *Að aldraðir eigi áfram kost á að sækja um:*
  - a. afslátt af fasteignagjöldum*
  - b. aðstoð við garðvinnu.*
- *Fylgst sé með húsnæðiþörf aldraðra og bent á leiðir til úrbóta.*

## Mötuneyti HSSA

Á vegum HSSA er rekið mötuneyti að Hvannabraut 3-5. Mötuneytið þjónar dvalardeild og hjúkrunardeild og auk þess er öldruðum sem búa heima seldur matur á virkum dögum. Einnig koma nokkrir einstaklingar og kaupa mat í hádeginu á Skjólgarði og hjúkrunardeildinni. Einstaklingar sem búa í dreifbýli njóta ekki þeirrar þjónustu að fá seldan mat frá mötuneyti á vegum sveitarfélagsins.

*Markmið:*

- *Leiðir til hagræðingar í rekstri mötuneytis verði kannaðar, þar á meðal útboð á starfseminni eða sameining/samstarf við önnur mötuneyti á vegum sveitarfélagsins.*
- *Að tekin verði upp sala á matarbökkum í dreifbýli frá starfandi mötuneytum.*

## **Upplýsingamiðlun**

Árið 1998 var gefinn út bæklingur um heimaþjónustu og honum dreift á öll heimili í sýslunni. Bæklingurinn hefur nú verið endurskoðaður og mun honum verða dreift á næstunni.

## **Heilbrigðisnetið**

Á vegum Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins hefur undanfarin ár verið unnið að uppsetningu *Heilbrigðisnetsins*. Það er lokaður, öruggur farvegur upplýsinga milli stofnana og starfseininga heilbrigðiskerfisins. Meðal upplýsinga sem eiga að fara um heilbrigðisnetið eru rannsóknarbeiðnir og niðurstöður rannsókna, upplýsingar úr sjúkraskrá, lyfseðlar og læknabréf. Ennfremur mun Heilbrigðisnetið verða notað fyrir fjarlækningar.

*Markmið:*

- *Að heimasíða HSSA verði gerð og hún uppfærð reglulega með nýjustu upplýsingum um heilbrigðismál, stofnunina sjálfa og starfsfólk hennar og þjónustu.*
- *Að gerður verði bæklingur um starfsemi HSSA í heild sinni og dreift á öll heimili sýslunnar.*
- *Að komið verði komið upp gagnvirku tímabókunarkerfi á heilsugæslunni.*

## **Lóðamál**

Mikilvæg er að svæði sem afmarkast af Júllatúni og Víkurbraut og ætlað er fyrir opinbera þjónustu verði tekið frá fyrir framtíðaruppbyggingu heilbrigðisstofnunarinnar, samanber hjálagt fylgirit (loftmynd) af svæðinu.

## **Lokaorð**

Þar sem kröfur og þarfir í þessum málaflokki breytast hratt er mælt með að endurskoðun þessara markmiða fari fram á að minnsta kosti þriggja ára fresti.